

# Gjaldskrá fyrir fasteignagjöld í Húnabyggð 2024



## Álagning fasteignaskatts

- **A-hluti** fasteignaskatts (ibúðarhúsnaði) er 0,50% af hús- og lóðarmati.
- **A-hluti** fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,50% af hús- og lóðamati.
- **B-hluti** fasteignaskatts (opinbert húsnaði) er 1,32% af hús- og lóðarmati.
- **C-hluti** fasteignaskatts (atvinnuhúsnaði og annað en að neðan greinir) er 1,65% af hús- og lóðamati.

## Vatnsgjald

Á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (ibúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnaði) er vatnsgjald 0,275% af hús- og lóðarmati.

## Holræsagjald

Á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (ibúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnaði) er holræsagjald 0,25% af hús- og lóðarmati. Rotþróargjald er lagt á fasteignir sem tengjast roþróum og fer gjaldtaka eftir stærð þeirra.

## Lóðarleiga

Fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (ibúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnaði) er lóðarleiga 2% af fasteignamati lóðar.

Fyrir ræktunarlóðir greiðist 8.690kr. per hektara þó aldrei minna en að lágmarki 11.605kr.

## Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2024

### 1. gr.

Tekjulágum efla- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Húnabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Þeir aðilar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eiga rétt á afslætti á fasteignasköttum samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar:

- Ellilifeyrisþegar 67 ára á álagningarárinu eða eldri eða örorkulifeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkar.
- Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- Viðkomandi búi í eigin húsnæði og hafi ekki af því leigutekjur. Afsláttur nær einungis til þeirrar fbúðar sem viðkomandi býr í. Heimilt er að vökva frá þessu ákvæði í allt að þrjú ár dvelji viðkomandi aðili á öldrunarstofnun og að fbúð í eigu hans sé ekki leigð út eða nýtt af skyldmennum.
- Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera efla- eða örorkulífeyrisþegi.

### 3. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings fasteignaskatts eru sóttar vélrænt á vef Skattins í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands. Ekki er þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

### 4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 97.492 á árinu 2024. Afsláttur er reiknaður út frá álagningu 2023 vegna skatttekna ársins 2022, þ.e. samtalán af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10).

# Gjaldskrá fyrir fasteignagjöld í Húnabyggð 2024



## 5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

- a) Með tekjur allt að kr. 5.014.009 – fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) Með tekjur yfir kr. 6.518.211 – enginn afsláttur

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- a) Með tekjur allt að 6.267.511 – fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) Með tekjur yfir kr. 8.147.765 – enginn afsláttur

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram 25.000kr. eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir 25.000kr. er 15. maí. Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. mars 2024. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á [www.island.is](http://www.island.is). Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og skal senda beiðni um þar á netfangið [hunabyggd@hunabyggd.is](mailto:hunabyggd@hunabyggd.is). Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Húnabyggðar í síma 455 4700.

Gjaldskrá þessi var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 12. desember 2023.

Húnabyggð, 27. desember 2023

Pétur Arason sveitarstjóri